

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN
Dags. móttöku: 16. nóv. 2016
Afhent til: S.I.
Bréfalykill: 10.5.6
Málsnúmer: 16-01-81



Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2016

Varðar: Athugasemdir við drög að skilmálum tíðniúthlutunar

Vísað er til draga Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi úthlutun tíðna á m.a. á 700 MHz. Neyðarlína bendir sérstaklega á tvö atriði í fyrirhugaðri úthlutun á 700MHz tíðnibandinu.

Í fyrsta lagi ítrekar Neyðarlínan fyrri ábendingu varðandi það að hér á landi verði haldið eftir hluta tíðnibandsins fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. Þróun í nágrannalöndunum er á þá leið að 700 MHz tíðniband verður notað í þessum tilgangi til að senda gögn sem varða neyðar- og öryggismál. Verði af fyrirhugaðri tíðniúthlutun þá verður ekkert eftir fyrir þessi not og verður því ekki hægt að fylgjast að með löndum norðurlöndum eða evrópu í þessari þróun. Bent er á að tetra tækni er í notkun í svo til allri evrópu fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti og má gera ráð því að það sama verði raunin með LTE tækni á 700 MHz. Ísland verður þá eitt eftir með enga lausn eða einhverja sérlausn.

Í öðru lagi gerir Neyðarlínan athugasemdir við skilmála varðandi uppbyggingu sendistaða. Í drögum að skilmálum er farið fram á, úthlutunar tíðna á 700MHz, sem valkvæma kosti annars vegar viðbætur við núverandi fjarskiptastaði og hins vegar byggingu nýrra staða á 20 landsvæðum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur þar meðal valið tiltekin svæði sem fara saman við þau rúmlega 35 svæði sem Neyðarlínan benti á þar sem farsímaþjónusta er ábótavant. Neyðarlínan leggur áherslu á uppbyggingu á svæðum sem nú eru án þjónustu sem við á að þar býr fólk, þar er atvinnustarfsemi eða algengt er að ferðalangar fara um. Tilgangurinn er að tryggja að hægt sé að hringja í 112 eftir hjálp. Af þeim 20 svæðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur valið eru sjö að hluta til án farsímaþjónustu. Af þeim eru tvö svæði sem jafnframt eru á listanum frá Neyðarlínu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur valið að leggja áherslu á önnur svæði en þau sem varða almannaoöryggi. Neyðarlínan telur að leggja hefði átt meiri áherslu á svæði án farsímaþjónustu. Neyðarlínan telur því að þeim allt að 200 mkr., sem kostað gæti að byggja þá 20 staði sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur á sínum lista, verði betur varið til uppbyggingar annarra staða.

Samhliða kröfu um uppbyggingu aðstöðu er ekki að sjá kröfu um að komið verði á farsíma- og eða farnetsþjónustu á þessum stöðum. Þannig að þótt byggð verði ný aðstaða þá er ekki þar með tryggt að þar verði veitt farsíma- eða farnetsþjónusta. Lagt er til að ef haldið verði inni kröfu um byggingu aðstöðu þá verði jafnframt krafa um að þar verði veitt farsíma- og farnetsþjónusta til langs tíma.

Virðingarfyllst,



Þórhallur Ólafsson
Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar